

Viðauki vegna samþykktabreytinga

III. Réttindaskerðing 2012

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga skerðast um 9% miðað við réttindi í árslok 2011 og kemur skerðingin til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2012, í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 24. maí 2012 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.4. í samþykktum EFÍA. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga lækka sem þessari skerðingu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir ágústmánuð 2012.

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga munu einnig skerðast á árinu 2013 miðað við réttindi í árslok 2012 þannig að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt verði í jafnvægi miðað við 31.12.2012. Mun sú skerðing verða kynnt nánar á ársfundi sjóðsins árið 2013 og koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2013.

Hafi ráðherra ekki samþykkt skerðingarnar fyrir framangreindar dagsetningar þá frestast framkvæmd skerðinganna til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.

Leiðbeiningar við kosningu

Í umslaginu finnur þú eftirfarandi gögn:

Leiðbeiningar

Rösktuðning stjórnar fyrir breytingu á samþykktum

Tillögu um samþykktabreytingar sjóðsins

Svarumslag – sem setja má ófrímerkt í póst

Ómerkt lítið umslag

Kjörseðil

Framkvæmd kosningar:

Þegar þú hefur tekið afstöðu til þess hvort þú ert með eða á móti tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum merkir þú í viðeigandi reit á kjörseðlinum.

Að því loknu er hann settur í ómerkta litla umslagið og því lokað.

Ómerkta umslagið er sett í svarumslagið og svarumslagið sett í póst.

Síðasti dagur til að senda inn kjörseðil er 9. júlí 2012

Kæru sjóðfélagar

Á síðasta ársfundi sjóðsins sem haldinn var 24. maí 2012 lagði stjórn sjóðsins fram tillögu um breytingu á samþykktum sjóðsins sem felur í sér skerðingu á réttindum sjóðfélaga. Tillagan miðar að því að koma heildastöðu sjóðsins í jafnvægi á tveimur árum.

Að neðan er niðurstaða tryggingarstærðfræðings sem sýnir stöður sjóðsins í lok árs 2011.

NIÐURSTAÐA í árslok	2011		2010	
ÁFALLIN STAÐA				
Höfuðstóll	18.186.546	þúsundir	16.583.600	þúsundir
Viðbót vegna endurmats	1.071.699		1.155.557	
Fjárfestingarkostnaður	-336.764		-186.231	
EIGN	18.921.482		17.552.926	
Áfallin				
lífeyrisskuldbinding	22.399.306		19.908.284	
Kostnaður	152.044		158.827	
Áfallin skuldbinding	22.551.350		20.067.111	
Staða	-3.629.869	-16,1%	-2.514.185	-12,5%
HEILDARSTAÐA				
Iðgjöld	12.480.894	þúsundir	11.618.573	þúsundir
Eign + iðgjöld	31.402.376		29.171.499	
Lífeyrisskuldbinding	34.632.883		31.232.691	
Kostnaður	319.803		341.865	
Heildarskuldbinding	34.952.685		31.574.556	
Staða	-3.550.309	-10,2%	-2.403.057	-7,6%

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 3.550 milljónir eða 10,2% af heildarskuldbindingu. Það er verri staða en í árslok 2010 en þá var staðan neikvæð um 2.403 milljónir eða 7,6% af skuldbindingunni. Áfallin staða er neikvæð um 3.630 milljónir eða 16,1% af áfallinni skuldbindingu en hún var neikvæð um 2.514 milljónir í úttektinni 2010 eða 12,5% af skuldbindingunni.

Skuldbingar lífeyrissjóða eru reiknaðar út miðað við 3,5% raunávöxtun. Hrun á mörkuðum sem og slæmir ávöxtunarmöguleikar hafa gert það að verkum að erfitt hefur verið að halda í við þann mælikvarða undanfarin ár. Í lögum um lífeyrissjóði er heimilt að reka sjóði í neikvæðri/jákvæðri stöðu í ákveðinn tíma. Nú er svo komið að heildartryggingarfræðileg staða sjóðsins hefur verið neikvæð í fjögur ár eða frá hruninu haustið 2008 og aðstæður á markaði ekki nægilega góðar.

Því telur stjórnin nauðsynlegt að skerða réttindi sjóðfélaga og leggur fram meðfylgjandi tillögu.

Stjórn EFÍA